

## Mál nr. 169/2008

M

og

### Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs, vegna tjóns á matvælum á lager sökum bilunar á vatnslögn (A)

**Tjón á matvælum, sem geymd voru í kæli, þegar lokað var fyrir kalt vatn 24.07. 2008 vegna viðgerðar á vatnslögn.**

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 04.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M varð fyrir tjóni þegar A lokaði fyrir kalt vatn vegna sprunginnar vatnslagnar sem gera þurfti við, með þeim afleiðingum að tjón varð á matvælum.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð, það telur að ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaskyldu. Það staðhæfir að strax hafi þurft að gera við vatnslögnina.

Vátryggingafélagið vísar til 13. gr. reglugerðar um orkuveituna nr. 297/2006, þar sem segir m.a. að “stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðgerða og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.” Fullyrt er að A hafi tilkynnt starfsmönnum M munnlega á starfsstöð þeirra um að lokað yrði fyrir kalt vatn vegna viðgerðar á sprunginni vatnslögn. Í nefndu ákvæði segir og að “viðskiptavinir eiga ekki bótakröfu á hendur A þótt straumur hafi verið rofinn eða rennsli stöðvað fyrirvaralaust. A ber ekki ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni orkukaupanda eða húseiganda.” Félagið telur að A beri ekki ábyrgð á tjóni M, nauðsynlegt hafi verið að loka fyrir vatnið og því komi ekki til álita að beita 4. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Félagið vísar og til 28. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga varðandi reglur sem gilda um viðgerðir á veitukerfi sveitarfélaga. Þar kemur m.a. fram að “vatnsveita ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum sem verða vegna vinnu við veitukerfi vatnsveitunnar....” Félagið telur að starfsmenn A hafi ekki átt sök á tjóni M.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. A hafi borið að tilkynna um lokun vatns fyrirfram en starfsmenn M kannist ekki við að hafa fengið slíka tilkynningu. M telur að það hafi misfarist af A, um mistök sé því að ræða sbr. 4. mgr. 13. gr. nefndrar reglugerðar. M telur að ábyrgðartakmörkun A eigi ekki við í þessu tilviki og að ekki verði séð að umrætt tjónsatvik sé undanþegið bótaskyldu í vátryggingaskilmálum.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina verður lagt til grundvallar að A hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni. Ósannað er að rekja megi tjón M til saknæmrar háttsemi starfsmanna A.

#### Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. október 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.